



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

Erindi nr. P 127/258

komudagur 28.11.2001

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2001

**Efni: Þingsályktunartillaga um tryggingaskilmála
vátryggingarfélaga, 59. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillögu um tryggingaskilmála vátryggingarfélaga, 59. mál. Umsögn ASÍ um þingsályktunartillöguna fylgir hér á eftir.

Almenn umsögn

Alþýðusamband Íslands fagnar fram kominni þingsályktun um tryggingarskilmála vátryggingarfélaga og lítur svo á að hún varði mikilvæga vernd fyrir íslenska neytendur. Tekið er undir með þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð með þingsályktuninni þar sem segir m.a.:

„Aðstaða hins almenna tryggingartaka er veik gagnvart tryggingafélögum. Mjög erfitt er fyrir hann að fá ákvæðum í stöðluðum tryggingarskilmálum breytt þótt hann hafi athugasemdir við þau og því stendur hann oft í þeim sporum að gangast undir tryggingarskilmála eða verða af tryggingaverndinni ella. Staða tryggingartaka er sérlega slæm að þessu leyti þegar um skyldutryggingar er að ræða því að þá er honum skylt að kaupa tryggingu þó svo að hann kunni að vera ósáttur við þá tryggingarskilmála sem bjóðast. Samkeppni milli tryggingafélaga virðist ekki nægja til að réttur manna sé tryggður að þessu leyti.

Í tilvikum þar sem einn aðilinn ber höfuð og herðar yfir annan vegna stærðar sinnar og sérfræðikunnáttu eru skyldur löggjafans mun meiri en almennt gerist til að tryggja að ákveðið jafnvægi og jafnræði ríki í viðskiptum milli aðila. Í þessu felst í raun kjarni nútímaneytenda verndar. Aðstaða tryggingafélaganna gagnvart tryggingartaka er í flestum tilvikum með þess um annmarka og því nauðsynlegt að löggjafinn tryggi sanngjarnt viðskiptaumhverfi.

Það er álit flutningsmanna að tryggja þurfi með skýrari hætti en nú er gert í lögum hverjar skyldur tryggingafélaganna eru og því er þessi þingsályktunartillaga lögð fram.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara


Reykjavík, hinn 5. desember 2001

Efni: Umsögn BHM um þingsályktunartillögu um tryggingaskilmála váttryggingfélaga (59. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 14. nóvember 2001, sem barst 20. nóvember sl. varðandi umsögn um 59. mál.

BHM vill lýsa yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna og þau rök sem lýst er í greinargerð með henni sem eru í samræmi við þau almennu jafnræðissjónarmið sem samtökin aðhyllast varðandi stöðu launafólks og neytenda í viðskiptum við þá aðila sem hafa yfirburðastöðu.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar BHM e.u.,



Gísli Tryggvason,
frankvæmdarstjóri BHM.



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/292

Alþingi
Erindi nr. P 127/150
komudagur 20.11.2001

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
108 Reykjavík.

20. nóvember 2001

Efni: Um tillögu til þingsályktunar um tryggingarskilmála váttryggingafélaga, 59. mál.


Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Flutningsmenn leggja til að viðskiptaráðherra verði falið “að skipa nefnd, sem hafi það hlutverk að endurskoða ákvæði laga um váttryggingastarfsemi (sic!), er lúta að tryggingarskilmálum með það að markmiði að ábyrgð og skyldur váttryggingafélaga gagnvart tryggingartaka verði skilgreindar nánar en nú er gert”. Váttryggingastarfsemi er mjög formbundin og gilda um hana allviðamikil lög og reglugerðir. Höfuðlagabálgarnir eru þó tveir, þ.e. annars vegar lög um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum og lög um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 með síðari breytingum. Váttryggingastarfsemi er ein grein fjármálaþjónustu, og í lögum um váttryggingastarfsemi er einkum fjallað um atriði er snúa að stofnun, skráningu, stjórnun og rekstri váttryggingafélaga. Eru íslensk lög í þessu efni í samræmi við reglur Evrópusambandsins. Í lögum um váttryggingarsamninga er fjallað um samskipti váttryggingafélags og váttryggingartaka, þ.á.m. um atriði er lúta að gerð váttryggingarsamningsins. Af efni tillögunnar og greinargerðar, sem henni fylgir, sýnist fremur sem flutningsmenn vilji að lög um váttryggingarsamninga verði endurskoðuð, en ekki lögum um váttryggingastarfsemi eins og þeir þó tiltaka.
2. Viðskiptaráðherra hefur þegar skipað nefnd til að endurskoða lög um váttryggingarsamninga, og er sú nefnd að störfum. Sýnist því óþarft með öllu að skipa aðra nefnd til að huga að þeim atriðum, sem flutningsmenn nefna til sögu í þingsályktunartillögu sinni, enda eru sömu atriði til athugunar í

nefndinni, sem nú starfar. Frekari meðferð máls þessa á Alþingi er því vart eða ekki nauðsynleg. Efnahags- og viðskiptanefnd gæti hins vegar til áréttingar sent málið til viðskiptaráðherra með beiðni um, að ráðherra sendi það til skoðunar í þeirri nefnd, sem nú endurskoðar lögum um váttryggingarsamninga.

Samband íslenskra tryggingafélaga þakkar að endingu efnahags- og viðskiptanefnd fyrir það að hafa verið gefinn kostur á því að tjá sig um mál þetta.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/165
komudagur 20.11.2001



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 560 9070 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.stjr.is/ivr>

Reykjavík, 19. nóvember 2001
Tilvísun : IVR01110062/10.203/KG

Þann 5. mars 1999 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til þess að semja frumvarp til nýrra laga um váttryggingasamninga sem kæmi í stað laga nr. 20/1954. Nefndin sem er undir forsæti Viðars Más Matthíassonar, lagaprófessors, hefur verið að störfum síðan og var upphaflega stefnt að því að fullbúið frumvarp gæti orðið tilbúið til framlagningar nú á haustþingi 2001. Umfang verkefnisins hefur hins vegar reynst meira en upphaflega var gert ráð fyrir og er óvíst hvort takist að ljúka því á yfirstandandi þingi. Í starfi sínu hefur nefndin haft til hliðsjónar norska löggjöf um sama efni þar sem er að finna ítarlegri neytendaverndarákvæði en eru í gildandi lögum. Óhjákvæmilega mun nefndin fjalla um váttryggingarskilmála ásamt öðrum þeim atriðum sem snúa að samningssambandi váttryggingartaka og váttryggjanda.

Í ljósi þess að nefnd er að störfum þykir ráðuneytinu ekki tilefni til þess að mæla með samþykkt þingsályktunartillögunnar. Þingskjali 59 verður komið á framfæri við ofangreinda nefnd.

F.h.r.